

Upplýsingar vegna barnamyndatöku.

- Myndatakan fer fram í stúdíói Agnesar Skúla og/eða úti eftir óskum viðskiptavina.
- Stúdíó Agnesar Skúla er að Furuvöllum 13, 2 hæð til hægri þegar komið er upp stigann. Útimyndataka fer fram í Lystigarðinum eða annars staðar eftir óskum viðskiptavinar.
- Myndatakan tekur u.þ.b. 30 mínútur
- Myndatakan er fyrir 1-4 börn, geri tilboð ef fleiri en 4 börn koma í myndatökuna.
- Velkomið að koma með aukaföt til skiptana.
- Vinsamlegast hreinsið gamalt naglalakk af nöglum.
- Vinsamlegast passið að ekkert krot sé á höndum.
- Vinsamlegast passið að föt séu hrein og straujuð og skór hreinir. Ekki er æskilegt að mynda börn/fullorðna á sokkunum en það er í lagi að vera berfættur.
- Ef óskað er eftir að mynda fjölskyldu með barni/börnum má reikna má með að 10-15 mínútur bætist við tímann. 3 myndir og aukagjald bætist við skv. [verðskrá](#).
- Vinsamlegast hafið í huga að fallegast er að allir fjölskyldumeðlimir séu í svipuðum litatónum, það kemur best út á ljósmyndum og eldist best. Best er að velja einlitan fatnað og hafa í huga að fatnaður með litríkum myndum kemur ekki vel út á ljósmyndum.
- Ekki er leyfilegt að koma með veikt barn í myndatöku. Ef barn er með hita eða órólegt vegna veikinda vinsamlegast hafið samband við Agnesi Skúla og bókið nýjan tíma fyrir myndatökuna.
- Vinsamlegast kynnið ykkur [verðskrá](#) og [skilmála](#) áður en myndatakan fer fram.
- Skilmála þarf að [samþykkja rafrænt](#) áður en myndatakan fer fram.
- Vinsamlegast hafið samband ef einhverjar spurningar vakna.

Með kveðju,

Agnes Skúla
PHOTOGRAPHY